

✉ Efni: Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi við Ástjörn og breyting á deiliskipulagi Ásvalla - Haukasvæði

Búið til	25.2.2020 15:21:12
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	25.2.2020 16:30:29
Tilheyrir	📁 2020010066 - Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsögn vegna aðalskipulagsbreytinga er nær til Vallarhverfis

Efni

Efni: Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi við Ástjörn og breyting á deiliskipulagi Ásvalla - Haukasvæði

Upplýsingar

Sent	25.2.2020 16:30:29	Staða	Sent
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Pátttakendur

Frá	Trausti Baldursson (trausti@ni.is)
Til	gunnthora@hafnarfjordur.is

Innihald

Vísað er til tölvupósts frá Hafnarfjarðarbær, dags. 21. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásvelli, Haukasvæði. Annars vegar er gert ráð fyrir að breyta hluta af íþróttasvæði Hauka í íbúðarsvæði ÍB8 og hins vegar að breyta svæði nyrst þar sem áður var æfingasvæði/grasvöllur í svæði fyrir fjölnota knattús.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar er tvennt sem stofnunin telur ástæðu til að nefna og gera athugasemd við. Í fyrsta lagi þarf að sýna fram á að nýtt fjölnota knattús komi ekki til með að hafa neikvæði áhrif á friðland Ástjarnar beint eða óbeint. Óbeint t.d. vegna hugsanlegar mengunar frá frárennsli knattússins eða breytinga á vatnsbúskap við tjörnina og beint vegna þess að knattúsið fari inn fyrir friðlandsmörk, sjá meðfylgjandi mynd. Í öðru lagi er Ástjörn, friðland/fólkvangur, mikið notað útivistarsvæði og stórt knattús mun, ef miðað er við önnur slík hús á höfuðborgarsvæðinu, hafa mikil og óhætt að segja neikvæð landslagsáhrif. T.d. er litur Hauka rauður mjög auglýsingur og einnig geta auglýsingar eða merki verið mjög áberandi. Við þessu þarf að bregðast með viðeigandi aðgerðum þ.e. sýna fram á að knattús geti ristið á þessum stað án þess að valda mengun eða breytingum á vatnsbúskap og að hægt sé að draga úr, með hönnun hússins, landslagsáhrifum svo viðunandi sé og það falli að svipmóti landsins í kring, sjá t.d. 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Einnig er rétt að benda á 54. gr. fyrrgreindra laga, Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis. Þar sem segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita

skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskýlda skv. 6. gr. "

Niðurstaða

Ef af byggingu fyrirhugaðs knatthúss verður þarf að mati Náttúrufræðistofnunar að tryggja að lífríki friðlands Ástjarnar verði ekki raskað og jafnframt sjá til þess að knatthúsið fari ekki inn fyrir friðlandsmörk. Einnig þarf að tryggja að verndargildi svæðisins verði ekki raskað vegna samverkandi þátta þ.m.t. áhrifa á landslag.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson

Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

Viðhengi

Ástjörn-friðland.jpg (6 MB)

